

Mrs. Disney Leith. Fjállkonan 1901 — Nr. 16.

Framarlega í röð þeirra útlendinga, sem er ant um íslenzkar bókmentir og gera sér farum að vekja eftirtekt á þeim, verður að telja ensku hefðarkonuna mrs. Disney Leith. Það sem fyrst gerði henni Ísland og Íslendinga að umhugsunarefnni, var skáldsaga eftir de la Motte Fouqué, og var hún þá unglingsur; síðar komst hún í betri bók, sem var þýðing Dasents á Njálu, og fanst henni svo mikil um, að hún ákvæð að læra sjálf íslenzku til að geta lesið þessa dæmalausu sögu á frummálinu. En það var nú hægra sagt en gert, því að ekki var völ á neinum íslenzkukennara eða hæfilegum bókum til að læra af. Loks náði hún í Lexicon poeticum Sveinbjarnar Egilsonar, en varð nú líka að læra latinu til þess að geta haft not af því. Kendi hún sér þannig sjálf að skilja íslenzku og hefir gert þýðingar bæði úr fornu- og nýju málum. Hið síðasta sem ég hefi séð eftir hana á prenti er ágæt þýðing á kvæðinu, 'Barnafoss' eftir Bertel Porleifsson (The Scottish Standard Bearer, Oct. 1900). Mrs. Leith er skáld, gott og hefir gefið út margar sögur og kvæði. Einn kaflinn í síðustu kvæðabók hennar heitir: „Songs from the Sagas“; hefir hún þar valið sér yrkisefni úr Njálu og öðrum sögum og tekist mjög vel. Ch. Algernon Swinburne, sem eins og kunnugt er þykir mestur rit-snillingur á enska tungu er náfrændi Mrs. Leith (þau eru systra börn) og virðist henni svipa ekki lítið til frænda síns og vinar um tungutak. Að efni til er kveðskapur þeirra auðvitað næsta óskyldur oftastnær, þar sem Swinburne er ákafur frelsismaður og frihyggjandi, en mrs. Leith mjög kirkjurákin — eins og flest fyrirfólk enskt, ekki sízt kvenfólk — og einhver helzta stoð ensku kirkjunnar í sinni sveit á Skotlandi.

Mrs. Leith er mjög kynstór, einkum í móðurætt, og börðust forfeður hennar við Hastings með Haraldi Guðinasyni.

Á hverju sumri — nú um nokkur ár — yfirgefur mrs. Leith hina glæsilegu höll sína í Aberdeenshire og heldur til Íslands; er hún orðin mörgum kunn hér á Suðurlandi. Mrs. Leith þykir æ því meira til Íslands koma, sem hún sér það oftar, og þykir börnum hennar nóg um þetta ferðalag á eftir ár, og telja um fyrir henni að hún ferðist heldur suður á við, til Miðjarðarhafslandanna, en það kemur fyrir ekki.

Ýmsum mun þykja gaman að sjá, hvernig mrs. Leith skrifar íslenzku, og er hér dálitið sýnishorn af því. Beygingar á örfaum orðum hafa verið lagfærðar; eins og áður er sagt hefir Mrs. Leith kent sér málið sjálf, og menn verða að muna hve mjög hinar flóknar íslenzku orðmyndir eru fjarstaðar enskri hugsun.

Helgi Pétursson.